

Niðurstöður efnagreininga á vatnssýni úr
holu 1 á Blesastöðum Skeiðahreppi

Hrefna Kristmannsdóttir

Greinargerð HK-81/03

Niðurstöður efnagreininga á vatnsýni úr holu 1 á Blesastöðum, Skeiðahreppi

Þann 28.9.1980 var tekið sýni af heitu vatni úr nýboraðri borholu á Blesastöðum. Sýnið var tekið úr yfirfallsröri við holutopp og var hitinn á vatninu 72°C. Greining á uppleystum efnum í vatninu sýndi (magn í ppm):

pH/°C	9,72/22
SiO ₂	67,1
Na	362
K	4,7
Ca	30,3
Mg	0,007
CO ₂	6,2
SO ₄	116
H ₂ S	<0,1
Cl	477
F	1,4
heildarmagn	
uppleystra efna	1053
eðlisviðnám, Ωm/°C	6,58/16,8

Nokkur yfirmettun reiknast af kalki í vatninu, en jarðhitavatn er yfirleitt kalkmettað. Frávik frá kalkmettunarferli er þó ekki meira en svo að frávik í greiningu innan skekkjumarka getur skýrt það.

Vatnið er sámilega neysluhæft. Magn uppleystra efna í vatninu er allhátt miðað við hvað almennt gerist í hitaveituvatni. Klórmagn er talsvert hátt, en þó innan leyfilegra marka fyrir neysluvatn. Rétt væri að fylgjast með og tæringarprófa kerfið fyrst í stað því ef súrefni er í vatninu eða kemst inn í kerfið er meiri hætta á tæringu vegna hárrar seltu. Ekki var mælt súrefni í vatninu við sýnatöku þar sem aðstæður til þess voru slæmar og Iðntæknistofnun hafði mælt það skömmu áður.

1981-01-20

Súlfatmagn er allhótt í vatninu, þótt það sé einnig innan leyfilegra marka fyrir neysluvatn. Flúormagn er nálægt efri mörkum þess sem æskilegt er talið í drykkjarvatni.

Með tilliti til framantaldra atriða er ekki æskilegt að nota vatnið til drykkjar eða í mat, enda líklega fremur bragðvont. Það ætti hins vegar að vera nothæft til beinnar upphitunar og þvotta.